



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um reglur um verklag vegna uppljóstrunar starfsmanna um lögbot og aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi Reykjavíkurborgar

Eftir samráð við Transparency International á Íslandi og fleiri sérfróða aðila í málaflokknum leggur ráðið áherslu á eftirfarandi atriði í umsögn sinni.

Lögin um vernd uppljóstrara sem reglurnar byggja á eru lágmarkskröfur og það er mikilvægt að skoða hvernig hægt sé að veita uppljóstrurum meiri vernd en lögin gera kröfu um enda vill Reykjavík vera metnaðarfull hvað þetta varðar. Leið til innri uppljóstrunar verður að vera skýr og raunhæf og þannig að starfsmaður geti með réttu trú að brugðist verði við uppljóstrun og að hann muni njóta nafnleyndar og verndar undir þrýstingi. Það þarf að koma fram hver innan stjórnkerfis ber ábyrgð á að fylgja vernd uppljóstra eftir og taka utan um uppljóstrarann frá upphafi til enda máls. Mögulega þarf vernd uppljóstrara að ná til fleiri aðila en uppljóstrarans sjálfs, eins og ættingja, vina eða samstarfsfólks.

Það þyrfti að skoða hvernig hægt er að kveða á um að spilling eða ámælisvert athæfi sem bent er á í uppljóstrun hafi áhrif og að þeir aðilar sem beri ábyrgð verði látnir sæta ábyrgð. Það er mikilvægt að uppljóstrarar hafi trú á slíkri eftirfylgni, upplýsingar um hana þurfa að vera aðgengilegar. Einnig þyrfti að ávarpa hvernig farið verður með rétt íbúa til að vita um athæfi eða spillingu sem innri uppljóstrun gæti flett ofan af.

1. gr. Skoða þarf hvort reglurnar ættu ekki líka að ná til fyrrum starfsmanna borgarinnar sem eru bundnir trúnaðarskyldu, ekki bara til þeirra sem láta af störfum eftir að nýju reglurnar taka gildi.

Gott væri að bæta við að ytri uppljóstrun sé óheimil nema innri uppljóstrun hafi verið reynd til þrautar *eða muni augljóslega ekki ná árangri*. Í þessu samhengi þarf að skoða að skilgreina nánar um hverskonar ferli gæti verið að ræða.

4. gr. Hér þyrfti að bæta við klausu þar sem ferli er lýst þar sem augljóslega er ekki hægt að uppljóstra innanhúss, t.d. ef einhver annar hefur reynt en ekki gengið eða fyrrum uppljóstrari hafi orðið fyrir refsingum/þvingunum/uppsögn fyrir vikið.

Skilyrðin til að njóta verndar vegna ytri uppljóstrunar eru mögulega of þröng og væri ástæða til að skoða jafnvel enn frekar útvíkkun þeirra umfram það sem nefnt er hér að ofan.

Gott væri að skoða hvort uppljóstrari sem hefur uppljóstrað og tekist vel upp með það hafi einhver úrræði sem hann geti virkjað af fyrra bragði. Til dæmis að láta færa sig til í starfi. Það er þekkt að félagsleg útskúfun og illmælanlegt einelti eru afleiðingar af uppljóstrun. Til dæmis að fá leiðinlegri eða erfðari verkefni eða „gleymast“ þegar einhver sendir skilaboð um gleðskap eftir vinnu og þess háttar. Það gæti komið á undan málsgrein um gjafsókn fyrir dómi í 5 gr. sem vægara úrræði.